

SAMÞYKKT um hundahald í Akureyrarkaupstað.

1. gr.

Stjórnisýsla.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra fer með málefni hunda og hundahalds samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Framkvæmdaráð Akureyrarkaupstaðar fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar, nema sérstaklega sé getið um eftirlit heilbrigðiseftirlits í samþykkt þessari. Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar annast framkvæmdina undir yfirumsjón framkvæmdaráðs.

2. gr.

Leyfi og bann við hundahaldi.

Hundahald er bannað í Grímsey og mega hundar hvorki dvelja þar né koma í heimsóknir.

Hundahald er heimilað annars staðar í Akureyrarkaupstað, þ.m.t. á lögbýlum, að fengnu leyfi og uppfylltum þeim skilyrðum, sem sett eru í samþykkt þessari.

Ekki er heimilt að hafa fleiri en þrjá hunda eldri en 4 mánaða á sama heimili.

3. gr.

Leyfi til hundahalds.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar innan mánaðar frá því að hundur er tekinn inn á heimili, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Heimilt er þó að halda hvolpa, sem vistaðir eru á skráningarstað móður, án skráningar þar til þeir verða 4 mánaða, enda hafi samþykkis skv. 5. gr. verið aflað ef við á. Útgáfa leyfis er háð staðgreiðslu skráningargjalds. Við útgáfu leyfis fær leyfishafi afhenta merкта plötu, sbr. 9. gr. og eintak af samþykkt um hundahald í Akureyrarkaupstað.

Leyfi til hundahalds má veita að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- a. Umsækjandi skal vera lögráða. Leyfi er persónubundið, óframseljanlegt og bundið við heimili umsækjanda enda er það ófrávikjanlegt skilyrði að hundur sé skráður þar og haldinn.
- b. Að fyrir liggi samþykki sameigenda fjöleignarhúss þar sem það á við, sbr. 5. gr.
- c. Að keypt sé ábyrgðartrygging vegna hundsins, sbr. 9. gr.
- d. Að hundurinn sé örmerktur, sbr. 10. gr.

Við mat umsóknar getur framkvæmdadeild leitað umsagnar lögreglu og annarra yfirvalda um umsækjanda og þá hagi hans sem þýðingu geta haft.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir sama efnis eða lög um dýravernd, er heimilt að hafna umsókn hans.

4. gr.

Bannaðar hundategundir.

Óheimilt er að halda hunda af eftirtöldum tegundum:

- a. Pit Bull Terrier/Staffordshire Bull Terrier.
- b. Fila Brasileiro.
- c. Toso Inu.
- d. Dogo Argentino.
- e. Blendinga af ofangreindum tegundum.
- f. Blendinga af úlfum og hundum.
- g. Öðrum tegundum sem hættulegar eða óæskilegar eru að fenginni reynslu eða mati sérfróðra aðila, s.s. dýralæknis eða hundapjálfa sem viðurkenndur er af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

5. gr.

Hundar í fjöleignarhúsum, raðhúsum o.fl.

Áður en hundur er tekinn inn á heimili í fjöleignarhúsi skal afla samþykkis eigenda annarra íbúða í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Þegar sótt er um leyfi til að halda hund í fjöleignarhúsi þar sem inngangur eða stigagangur er sameiginlegur eða um annað sameiginlegt rými er að ræða, skal umsókn fylgja skriflegt samþykki þeirra eigenda og íbúa, sem hlut eiga að máli, sbr. nánar 13. tölul. A.-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Þegar íbúð umsækjanda hefur sérinngang, þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, þá er veiting leyfis til hundahalds þó ekki háð samþykki annarra eigenda, enda er öll viðvera og/eða umferð hundsins um slík rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess.

Ef annað er ekki tekið fram, nær samþykki skv. 1. mgr. einvörðungu til tiltekens hunds og gildir á meðan hann lifir. Heimilt er að afturkalla samþykki ef forsendur breytast verulega. Ástæður, sem réttlætt geta afturköllun, eru m.a. heilbrigðisástæður, svo sem ofnæmi, og óþægindi og ónæði, sem fer verulega fram yfir það sem telst venjulegt og eðlilegt.

Ef um er að ræða annars konar sameign en um getur í 1. mgr., eða nábyli af öðrum toga og sameigandi eða nágrenni telur hundahaldið fara í bága við rétt sinn og hagsmuni, s.s. vegna ítrekaðs eða verulegs ónæðis og færir hann fram gild rök og fullnægjandi gögn því til stuðnings, getur framkvæmdadeild synjað um umbeðið leyfi eða afturkallað áður veitt leyfi.

Ef íbúð í fjöleignarhúsi er leigð út skal leigusali upplýsa leigjanda um hvort hundahald er leyft í húsinu.

Ef eigandi íbúðar í fjöleignarhúsi, sem veitt hefur leyfi fyrir hundi í annarri íbúð, selur íbúð sína helst samþykkið fyrir þann hund á meðan hann lifir, sbr. þó 3. mgr.

6. gr.

Skammtímaheimsóknir.

Hundar sem ekki eru skráðir á Akureyri mega ekki dveljast þar lengur en í þrjú mánuði nema með leyfi framkvæmdadeildar og að fengnu samþykki samkvæmt 5. gr. sé um fjöleignarhús að ræða.

Um skammtímaheimsóknir hunda í húsum gildir ákvörðun eigenda einbýlis- og fjöleignarhúsa hverju sinni og/eða reglur viðkomandi húsfélags.

7. gr.

Hundaskrá, tilkynningarskylda eiganda.

Upplýsingar um hunda skal skrá hjá framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og önnur einkenni hunds. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

Eiganda hunds ber að tilkynna framkvæmdadeild um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna eftirlitinu ef hundurinn drepst eða er fluttur úr lögsagnarumdæminu. Eigendaskipti skal tilkynna með sama hætti.

8. gr.

Ábyrgðartrygging.

Leyfishafa er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna hunds sem hann hefur leyfi fyrir. Skal ábyrgðartryggingin ná til alls þess tjóns, sem hundurinn kann að valda mönnum, dýrum, gróðri og munum.

9. gr.

Ormahreinsun, örmerking og merkiplötur.

Skylt er að ormahreinsa hunda á hverju ári. Skal eigandi hunds skila vottorði dýralæknis um ormahreinsun hundsins til framkvæmdadeildar fyrir 31. desember ár hvert.

Hundur sem sótt er um leyfi fyrir skal örmerktur af dýralækni samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskráráðsins, ISO 11784 eða 11785.

Hundar skulu ávallt bera ól með plötu um hálsinn, sbr. 1. mgr. 3. gr. Á plötuna skal greypa skráningarnúmer hunds og símanúmer eiganda hans. Þá skal við ólina festa merki sem sýni að árlegt eftirlitsgjald hafi verið greitt.

10. gr.

Gjöld fyrir leyfi.

Fyrir leyfi til að halda hund skal leyfishafi greiða annars vegar leyfisgjald og hins vegar eftirlitsgjald. Gjöldum þessum er ætlað að standa undir kostnaði af hundahaldi og framkvæmd samþykktar þessarar. Bæjarstjórn setur gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfisgjaldið greiðist einu sinni, við skráningu hunds. Eftirlitsgjald greiðist einnig við skráningu hunds, þ.e. hlutfallslega miðað við þann mánuð sem skráning fer fram og síðan árlega 1. mars með eindaga 1. apríl ár hvert. Dragist greiðsla lengur en mánuð fram yfir eindaga fellur leyfið niður.

Þjörgunarsveitar- og hjálparhundar eru undanþegnir eftirlitsgjaldi, en eru eftir sem áður skráningarskyldir og skulu uppfylla skilyrði 3. gr.

Heimilt er að veita þeim eigendum hunda sem sótt hafa námskeið viðurkennds hundþjálfara 50% afslátt af eftirlitsgjaldi í eitt skipti fyrir hvern hund.

11. gr.

Helstu varúðar-, aðgæslu- og umgengniskyldur.

Eigendur og umráðamenn hunda skulu gæta þess vel, að hundar þeirra valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða raski ró manna, með stöðugu eða ítrekuðu ýlfri eða gelti.

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðni-námskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

Eigendum og umráðamönnum hunda er ávallt skylt að fjarlægja saur eftir hunda þeirra.

Óheimilt er að láta hunda vera lausa, nema nytjahunda, sbr. þó 13. gr., þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Hundar skulu annars ávallt vera í taumi utan húss, sbr. þó 13. gr., og í umsjá manns sem hefur fullt vald yfir þeim. Heimilt er þó að hafa hunda lausa undir eftirliti ábyrgs aðila innan hundheldrar girðingar.

Óheimilt er að tjóðra hund án eftirlits ábyrgs aðila eða skilja eftir eftirlitslausa utan húss eða á svölum eða afgirtum veröndum. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumurinn ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað að aðaldyrum viðkomandi húss. Taumur má ekki vera svo langur að hundur komist út fyrir lóðarmörk.

Hafi eigandi eða umráðamaður ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Bannað er að árásarþjálfra hunda.

Að öðru leyti skal fara að ákvæðum laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni, eftir því sem við á.

12. gr.

Taumskylda og sérstakar takmarkanir.

Heimilt er að vera með hunda í taumi og í fylgd ábyrgs aðila á göngustígum, á opnum svæðum, í Kjarnaskógi, í almenningsgördum og á hesthúsasvæðum í Hlíðarholti og Breiðholti. Einnig er heimilt að vera með hunda í taumi í friðlandi Krossanesborga og við óshólma Eyjafjarðarár, nema á varptíma fugla.

Lausaganga hunda er stranglega bönnuð í Hrísey.

Óheimilt er að fara með hunda á almennar samkomur, svo sem 1. maí, 17. júní, um verslunarmannahelgi og á Akureyrarvöku.

13. gr.

Staðir þar sem hundar mega vera lausir.

Heimilt er að sleppa hundum lausum á eftirtöldum stöðum og svæðum:

1. Í landi Blómsturvalla í Hörgárbyggð.
2. Innan hundaheldra girðinga og hundaæfingasvæða, sem merkt eru sem slík og samþykkt hafa verið af heilbrigðiseftirliti.
3. Á auðum svæðum, fjarri íbúðabyggð, þar sem ekki er sauðfjárbætur og með þeim takmörkunum sem getið er um í 14. gr.

14. gr.

Óheimilir staðir.

Ekki má hleypa hundum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar. Einnig er óheimilt að hleypa hundum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn. Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

1. Vatnsveitur, vatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.
2. Almennings- og útisalerni.
3. Hvers konar sorpgeymslu- og sorpförgunarstaðir.
4. Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.
5. Tjald- og hjólhýsasvæði, nema með leyfi umsjónaraðila.
6. Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.
7. Skólar, kennslustaðir, leikskólar, gæsluvellir og sumarbúðir fyrir börn.
8. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðsstofur.
9. Heilbrigðisstofnanir, sjúkrahús, tannlækna- og lækna- og aðgerðarstofur, og meðferðarstofnanir.
10. Heilsuræktar- og íþróttastöðvar. Nudd- og baðstofur. Húðflúrstofur.
11. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
12. Samkomuhús hvers konar og staðir, sem almenningur hefur aðgang að vegna afgreiðslu og þjónustu, s.s. kirkjur, leikhús, hljómleikasalir, söfn og kvikmyndahús.
13. Kirkjugarðar.
14. Almenn samgöngutæki, nema leigubifreiðar með samþykki bílstjóra.
15. Matjurtagarðar Akureyringa (garðlönd).

Heimilt er þó að fara með gæludýr inn í íþróttamannvirki, heilbrigðisstofnanir, snyrtistofur og þar sem er starfsemi sem sérstaklega er ætluð dýrum.

Heimilt er fötluðu fólki að hafa með sér hjálparhunda í strætisvagna, á gististaði, veitingastaði, í skóla, á snyrtistofur og hársnyrtistofur, heilbrigðisstofnanir, íþrótt- og baðstaði, fangelsi og samkomuhús, enda sé hinum fatlaða ótvíræð nauðsyn að hjálparhundi.

Heimilt er, að fenginni beiðni hlutaðeigandi stofnunar og með samþykki heilbrigðisnefndar að veita undanþágu til að halda hunda á heilbrigðis- og meðferðarstofnunum.

Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í íþróttamannvirki þar sem aðstaða er til íþróttaiðkunar á ís vegna sýninga eða keppni, sbr. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Kveða skal á um það í starfsleyfi íþróttamannvirkisins eða gefa út sérstakt starfsleyfi fyrir einstakar sýningar eða keppni ef slík starfsemi er ekki með reglubundnu millibili á skautasvellinu.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um nytjahunda að störfum.

15. gr.

Lausir hundar, handsömun, geymsla, aflífun, kostnaður.

Sleppi hundur frá eiganda eða umráðamanni, skal viðkomandi tafarlaust gera ráðstafanir til að handsama hann. Hunda í lausagöngu skal færa í sérstaka hundageymslu og tilkynna eiganda um handsömunina svo fljótt sem auðið er. Eigandi hunds skal greiða allan kostnað við handsömun og geymslu hans áður en honum er afhentur hundurinn á ný. Ef hunds er ekki vitjað innan einnar viku frá handsömun er heimilt að ráðstafa honum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður, að undangenginni auglýsingum.

16. gr.

Grimmir, varasamir og hættulegir hundar. Aflifun.

Hafi eigandi hunds eða framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar ástæðu til að ætla að hundurinn sé grimmur eða varasamur skal eigandi sjá til þess að hundurinn sé ávallt mýldur utan heimilis síns.

Ef hundur telst hættulegur, getur framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar, sá sem verður fyrir tjóni vegna hundsins eða umsjónarmaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður og er þá skylt að verða við þeirri kröfu, enda hafi verið leitað álits sérfróðra aðila, s.s. dýralækna eða hundþjálfara, sem viðurkenndir eru af framkvæmdadeild, áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

17. gr.

Áminning og svipting leyfis vegna brota.

Ef eigandi hunds brýtur gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum sem um dýrahald gilda, getur framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar afturkallað leyfi til hans og/eða bannað honum að vera með hund í lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar.

Sé brot smávægilegt skal áminna eiganda hunds að undangengnum andmælarétti. Ítrekað brot gegn lögum um dýravernd, dýrahald, samþykkt þessari eða öðrum reglum, sem um dýrahald gilda varðar afturköllun leyfis til hundahalds.

18. gr.

Lögregluástoð.

Framkvæmdadeild Akureyrarkaupstaðar getur ef þörf krefur leitað atbeina lögreglu við að framfylgja samþykkt þessari og ákvörðunum teknum á grundvelli hennar. Heilbrigðinefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd samþykktar þessarar.

19. gr.

Viðurlög.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eigendur eða umráðamenn hunda sem brjóta gegn ákvæðum samþykktar þessar skulu sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef eigandi eða umráðamaður hunds vanrækir skyldur sínar eða brýtur ítrekað gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum sem gilda um hundahald getur sveitarstjórn bannað viðkomandi að halda hund og látið fjarlægja hundinn.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

20. gr.

Hundaræktun.

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri dýr, eru haldin til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis. Um hundaræktun gildir reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

21. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 360/2001 um hundahald á Akureyri.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

Þær undanþágur frá banni við hundahaldi, sem veittar hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, halda gildi sínu. Að öðru leyti gildir samþykktin um áður veittar undanþágur.

II.

Þeir sem halda fleiri hunda en þrjá þegar samþykktin tekur gildi er skylt að skrá þá innan sex mánaða og hafa þeir þá leyfi til að halda þá á heimili sínu á meðan þeir lifa.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. mars 2011.

F. h. r.

Steinunn Fjóla Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. mars 2011